

STJÓRNARTÍÐINDI A 9 — 1982

Nr. 14.

20

6. apríl 1982.

LÖG

um breyting á lögum nr. 95/1975, um breyting á lögum um almannatryggingar,
nr. 67/1971, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laga nr. 95/1975 orðist svo:

1. Á árinu 1982 skulu skattstjórar leggja sjúkratryggingagjald á menn sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 75/1981.
2. Gjaldstofn sjúkratryggingagjalds skal vera hinn sami og gjaldstofn álagðra útsvara 1982.
3. Af fyrstu 101 250 kr. gjaldstofns sjúkratryggingagjalds greiðist ekkert gjald, en af þeim hluta gjaldstofns, sem umfram er 101 250 kr., greiðist 2%.
4. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.
5. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í þessari grein, til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1982 vegna tekna ársins 1981 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981 og vegna tekna ársins 1982 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. tölul. 3. gr., sbr. 71. gr. sömu laga.

Gjört í Reykjavík, 6. apríl 1982.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.